**Bæjarstjórinn í Hafnarfirði**

**Haraldur Líndal Haraldsson**

Hafnarfirði 20. febrúar 2017

F.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar óskar undirritaður eftir formlegum viðræðum varðandi meðferð gatnagerðargjalda vegna fyrirhugaðra framkvæmda Fimleikafélagsins í Kaplakrika. Framkvæmdir þessar sem hafa verið kynntar forsvarsmönnum Hafnarfjarðar eru skv. núverandi deiliskipulagi um Kaplakrika. Annars vegar er um að ræða ca 8.500 fermetra sjúkra- þjálfunar og hótelbyggingu og hins vegar 8.400 fermetra knatthúsbyggingu (Skessan). Bygginganefndarteikningar varðandi Skessuna hafa þegar verið samþykktar í Skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar.

Ljóst er að hér er um verulegar upphæðir að ræða sem munu skipta máli varðandi framgang ofangreindra verkefna og óskar Fimleikafélagið því eftir skjótum viðbrögðum við erindi þessu.

f.h. Fimleikafélags Hafnarfjarðar

Viðar Halldórsson, formaður.